

Stefnumótunar- og þróunardeild
Skrifstofa menntamála
Mennta- og meningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
105 Reykjavík

Til þeirra er málið varðar

Reykjavík, 30. september 2010

Efni: Umsögn og athugasemdir við drög að nýrri aðalnámskrá grunnskóla

Í ljósi þess að nú er verið að vinna að nýrri aðalnámskrá grunnskóla sem er opin fyrir umsögn og athugasemdum þá vill Félag heimspekikennara koma eftirfarandi umsögn og athugasemdum á framfæri.

Í drögum að nýrri aðalnámskrá grunnskóla er að finna heimspekilegar áherslur og markmið sem Félag heimspekikennara telur að skýra eigi nánar. Það er ekki síst í ljósi þeirrar umræðu og kröfu sem komið hefur fram um að gagnrýnin hugsun og heimspekileg vinnubrögð öðlist sess innan menntakerfisins og sjá má á eftirfarandi ummælum í samfélagsumræðunni, pólitískri umfjöllun og fræðilegri vinnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins:

Fyrstu meginartilaboð þjóðfundarins vorið 2010 um menntamál:

Efla samfélagsfærni barna, sérstaklega það sem lýtur að þjálfun í umræðum, gagnrýninni hugsun og samfélagslæsi. Kenna heimspeki á öllum skólastigum.¹

Í nýlegri skýrslu þingmannanefndarinnar sem fjallaði um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis stendur:

Siðfræði og heimspeki ættu að vera sjálfsagður hluti alls náms á öllum skólastigum, sem og gagnrýnin hugsun, rökræður og fjölmiðlalæsi.²

Þeir grunnþættir menntunnar, sem nú er lögð áhersla á innan menntamálaráðuneytisins, og ætlað er að vera leiðarljós á öllum skólastigum, eru einnig heimspekilegir í eðli sínu. Þar eigum við sérstaklega við þættina „læsi“, „sköpun“ og „lýðræði“.

¹ <http://menntafundur.ning.com/>

² <http://www.althingi.is/altext/138/s/1501.html>

Til að skólarnir geti náð þeim heimspekilegu markmiðum sem koma fram í drögum að nýrri aðalnámskrá grunnskóla og þeim ummælum sem hér hafa komið fram, þarf að greina betur hvað er átt við með hugtökum á borð við „gagnrýnin hugsun“, „rökhugsun“ og „siðgæðisvitund“. Hugtök eru vandmeðfarin og geta skilist á margan hátt; án skýringa verða hugtök sem eru of opin bara orðin tóm. Fræðileg greining og umræða á heimspekilegum hugtökum verður að fara fram til að þeir fjölmörgu aðilar sem aðalnámskránni er ætlað að þjóna geti nýtt sér þau og unnið með þau í þeim anda sem ráðuneytið ætlast til.

Nú er heimspeki ekki til sem eiginleg námsgrein innan aðalnámskrár grunnskóla, þótt krafa sé uppi um að heimspeki eigi að vera kennd á öllum skólastigum. Ef heimspekin á að gagnast í grunnskólanum, bæði sem sérstök námsgrein, sambætt öðrum námsgreinum eða sem hluti skólastarfs, þá þarf að vera skýrt í markmiðum menntamálaráðuneytisins hvað felst í gagnrýninni hugsun, heimspekilegum vinnubrögðum og heimspekilegri samræðu. Einnig þarf að vera fyrir hendi sérstakur undirkaflir fyrir heimspeki líkt og aðrar námsgreinar þannig að hún komi fram sem námsgrein í viðmiðunarstundaskrá.

Það sem hér hefur komið fram felur í sér mikla vinnu sem Félag heimspekikennara er tilbúið til að koma að á einn eða annan hátt.

Fyrir hönd námskrárnefndar Félags heimspekikennara

Björn Rúnar Egilsson, egilson@gmail.com
Elsa Haraldsdóttir, elh13@hi.is
Kristín Hildur Sætran, khsaetran@gmail.com

Meðfylgjandi:

Athugasemdir við drög að Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 14. júlí 2010.